

48. fundur

Safna- og menningarmálanefnd Stykkishólms hélt fund mánudaginn 17. október 2005 kl. 17.30 í Ráðhúsinu.

Mætt voru Sigrún Ársælsdóttir, Ægir Jóhannsson, Magnús A. Sigurðsson, Guðrún A. Gunnarsdóttir, Sigurlína Sigurbjörnsdóttir og Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri.

1. Guðrún setti fund og gaf síðan Erlu orðið.

Sagði hún frá því sem nýjast er í málum Vatnasafnsins. Einnig var rædd framtíðarsýn í safnamálum er varða bæjarfélagið.

2. Önnur mál.

Ægir Jóhannsson spurði um gögn sem lánuð voru til Ásgeirs Ásgeirssonar sem hefur verið að skrifa sögu Stykkishólms síðustu áratugina.

Ákveðið að halda fund að viku liðinni á sama tíma, og halda þá áfram með mál Vatnasafnsins.

Fundi slitið kl. 19:10.

Sigrún Ársælsdóttir (sign.),
Ægir Jóhannsson (sign.),
Magnús A. Sigurðsson (sign.),
Guðrún A. Gunnarsdóttir (sign.),
Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.),
Erla Friðriksdóttir (sign.).

Íhs.